

5. Biðstöðvar áætlunarbifreiða (D10).

Sérstaklega merktar biðstöðvar áætlunarbifreiða eru á eftirfarandi stöðum:

- 5.1. **Borgarbraut** á móts við nr. 21.
- 5.2. **Borgarbraut** norðan gatnamóta Þórðargötu.
- 5.3. **Borgarbraut** á móts við Borgarvík 9 og 11.
- 5.4. **Egilsgötu** á móts við Hótel Borgarnes. Lengd bannsvæðis 30 m.
- 5.5. **Hrafnaklett** á móts við nr. 6—8.

6. Gangbrautir (D2).

Merktar gangbrautir eru á eftirfarandi stöðum:

- 6.1. **Borgarbraut** við hús nr. 3.
- 6.2. **Borgarbraut** við hús nr 12.
- 6.3. **Borgarbraut** á móts við Apotek.
- 6.4. **Borgarbraut** á móts við útibú K.B.
- 6.5. **Borgarbraut** við íþróttavöll.
- 6.6. **Borgarbraut** á móts við leikskóla.
- 6.7. **Borgarvík** við hús nr. 10.
- 6.8. **Egilsgötu** á móts við Kaupfélag.
- 6.9. **Sæunnargötu** við gatnamót Borgarbrautar.

7. Innakstur bannaður (12).

- 7.1. Af **Skúlagötu** inn á Egilsgötu.

8. Bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mín. frá kl. 9—18 alla virka daga (B22, U6, U7).

- 8.1. **Egilsgata** að norðan.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Borgarnesi.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 9. mars 1984.

Rúnar Guðjónsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 803 20. desember 1982.**

1. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hættu stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

2. gr.

Orðin „að fengnum tillögum lögreglustjóra“ í 1. mgr. 24. gr. falli niður.

3. gr.

Í stað „sbr. nógildandi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði frá 16. febrúar 1968“ í 3. mgr. 39. gr. komi: og reglur sem bæjarstjórn setur á grundvelli þeirra laga.

4. gr.

41. gr. orðist svo:

Óheimilt er að setja upp og selja aðgang að knattborðum, spilakössum eða öðrum leiktækjum án sérstaks leyfis lögreglustjóra. Leyfið er háð samþykki bæjarstjórnar.

Umsókn um leyfi skal vera skrifleg og þar skal m. a. tilgreina húsnæði, umfang reksturs, fjölda tækja og aðra þjónustu.

Leyfið er ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal gefið út á nafn einstaklings, vera staðbundið, ekki framseljanlegt og í því skal greina fjölda tækja.

Börnum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur að tækjum þessum. Miða skal við fæðingarár, þ. e. það ár, sem viðkomandi verður 14 ára.

Selja má aðgang að knattborðum, spilakössum og öðrum leiktækjum frá kl. 9.00 til kl. 23.30, sbr. þó 42. gr.

Ákvæði 37. og 38. gr. gilda einnig um þessa starfsemi eftir því sem við á.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar, reglum sem bæjaryfirvöld kunna að setja eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum, ef rekstur er ætlaður til skamms tíma, s. s. í tengslum við útiskemmtanir eða almennar samkomur félaga eða félagasamtaka.

5. gr.

42. gr. orðist svo:

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 og ekki eftir kl. 22.00 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Börn yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 tímabilið 1. september til 1. maí og ekki eftir kl. 23.00 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

Óheimilt er að selja börnum undir 16 ára aldri sigarettur eða aðrar tóbaksvörur.

Aldur barna skv. grein þessari skal miðast við fæðingarár.

Barnaverndarnefnd skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

6. gr.

43. gr. orðist svo:

Börnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga um lengri eða skemmri tíma.

Peir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Úrdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglum um útvist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum, sem að ofan greinir, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1980 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. mars 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum, kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum, kr.
-------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:

1. október 1983	272 092	816 277
-----------------------	---------	---------

Samgönguráðuneytið, 6. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.